

# Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða

## Útdráttur úr útboðslýsingu

### **Heiti, stofndagur, deildaskipting**

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða, og var stofnaður í desember 2003 í kjölfar gildistöku nýrra laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði 1. júlí 2003. Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða starfar í einni sjóðsdeild (sjóð) og heitir hún Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10, kt. 540489-6299.

Félagið Verðbréfasjóðir Íslandsbanka hf. var stofnað 29. desember 1988 og tók yfir rekstur verðbréfasjóða sem voru í rekstri hjá Verðbréfamarkaði Lønabankans hf. Nafni félagsins var breytt í Verðbréfasjóði Íslandsbanka hf. 1. janúar 1990 og í Íslandssjóðir í apríl 2006. Nafni félagsins var svo breytt í Íslandssjóðir 8. apríl 2009 sem er rekstrarfélag fjárfestingarsjóða Íslandssjóða.

### **Fjárfestingarsjóður**

Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða eru fjárfestingarsjóðir skv. III. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og hefur sem slíkur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi. Munurinn á fjárfestingarsjóði og verðbréfasjóði, sem heimilt er að markaðssetja á EES og sem sækir fjárfestingarheimildir sínar til II. kafla sömu laga er einkum sá að heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga eru ekki háðar eins miklum takmörkunum og heimildir verðbréfasjóða. Þannig heimila lögin fjárfestingarsjóðum að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum, heimildir þeirra til fjárfestinga í verðbréfum útgefnum af sama aðila eru rýmri en gildir um verðbréfasjóði. Þá hafa fjárfestingarsjóðir heimildir til lántöku og skortsölu sem verðbréfasjóðir hafa ekki og þeir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum.

Þrátt fyrir rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga mun Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 eingöngu nýta heimild skv. 2. tl 54. gr. laga nr. 30/2003 vegna fjárfestinga í óskráðum innlendum hlutafélögum, en þó að hámarki 30% eins og kveðið er á um í fjárfestingarstefnu. Þá nýtir sjóðurinn einnig heimild 3. tl. 54. gr. laga nr. 30/2003, þ.e. aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum. Að öðru leyti fer um fjárfestingar sjóðsdeildanna eftir II. kafla F í lögunum. Aukin áhætta sjóðsdeildanna sem fjárfestingarsjóðs mun því felast í minni áhættudreifingu heldur en gildir um verðbréfasjóði auk þess sem sjóðnum er heimilt að eiga hærra hlutfall í óskráðum hlutafélögum heldur en gildir um verðbréfasjóði.

Vakin er athygli á því að rýmri heimildir fjárfestingarsjóða til fjárfestinga í samanburði við heimildir verðbréfasjóða hefur í för með sér að fjárfestingarsjóðir eru áhættusamari fjárfesting heldur en verðbréfasjóðir.

### **Breytingar á fjárfestingarstefnu**

Í janúar 2009 var gerð breyting á fjárfestingarstefnu Úrvals innlendra hlutabréfa – Sjóðs 10. Breytingarnar fólu í sér að sjóðnum er heimilt að fjárfesta að hámarki 50% af heildareignum í innlánnum fjármálafyrirtækja meti sjóðstjóri að markaðsaðstæður séu tímabundið óhagstæðar til fjárfestinga í hlutabréfum. Þá er sjóðnum heimilt að fjárfesta í óskráðum innlendum hlutafélögum að hámarki 30% af heildareignum, sé það yfirlýst stefna fyrirtækis að sótt verði um skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði innan tveggja ára. Ennfremur er sjóðnum nú heimilt að fjárfesta í afleiðum vegna stöðutöku, að hámarki 10% af heildareignum. Með notkun afleiðna vegna stöðutöku þá hefur sjóðstjóri heimild til að kaupa eða selja hlutabréf framvirkt enda teljist það til hagsbóta fyrir sjóðfélaga vegna væntinga um hækkandi eða lækkandi hlutabréfaferð. Ávöxtunarviðmið sjóðsins er nú vísitala aðallista (OMX1G) sem reiknuð er út af Kauphöllinni á Íslandi í stað úrvalsvísitölunnar (OMX115) áður.

Nánari lýsingu á fjárfestingarstefnu sjóðsins er að finna annars staðar í þessum útdrætti útboðslýsingar Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða.

### **Ráðstöfun tekna**

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða eru vaxtarsjóðir, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól.

### **Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini**

Hlutdeildarskírteini Úrvals innlendra hlutabréfa – Sjóðs 10 er hægt að kaupa og innleysa hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, á Kirkjusandi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir á vef Íslandsbanka hf. [www.islandsbanki.is/fjarfestingar](http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar). Hlutdeildarskírteini Sjóðs 10 eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Einnig geta viðskiptavinir lagt sjálfir fram viðskiptapantanir í Úrvali innlendra hlutabréfa – Sjóð 10 í netbanka Íslandsbanka og pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að þremur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að fjórum virkum dögum liðnum.

Sjóðsdeildir Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða bjóða ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa.

### **Flutningur á milli sjóðsdeilda**

Flutningur milli sjóðsdeilda fer eftir sömu reglum og gilda um tilhögun viðskipta. Veittur er 50% afsláttur af upphafsgjaldi þegar flutt er milli sjóða í stýringu Íslandssjóða hf.

### **Upplýsingar um innlausnarverð**

Innlausnarverð flokka hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda er reiknað daglega. Innlausnarverð (kaupgengi) og sölugengi birtast á vef Íslandssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) og einnig á heimasíðu Íslandsbanka hf., [www.islandsbanki.is/fjarfestingar](http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar).

### **Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda**

Sjóðsdeildin Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 skiptist í tvo flokka eininga, A og B, sem auðkenndir eru sérstaklega í bókhaldi sjóðsdeildanna. Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða, en flokkur A er fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Allir sem eiga hlutdeild í sjóðsdeild eiga jafnan rétt til tekna og eigna hennar í hlutfalli við hlutdeild sína, en umsónarlaun á flokki B eru lægri. Eignir sjóðsdeildar skiptast hlutfallslega á milli flokka eininga m.v. fjölda útgefna eininga í hvorum flokki að teknu tilliti til gengis hvors flokks.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðsdeild í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í viðkomandi sjóðsdeild þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í viðkomandi sjóðsdeild og gengi á keyptum hlutum. Hlutdeildarskírteinin eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar deildanna sbr. 23. gr. laga nr. 30/2003. Einingum í sjóðsdeild fylgir ekki atkvæðisréttur. Verðgildi einnar einingar í sjóðsdeild var 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar, ráðgjöf um fjárfestingar, útboðslýsingu Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða, ársreikning og árshluta-reikning Íslandssjóða er hægt að fá hvenær sem er án endurgjalds hjá VÍB, Eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, Kirkjusandi, Reykjavík ef þess er óskað og á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

### **Lögbært yfirvald**

Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða starfa eftir lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003 og hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með sjóðum á grundvelli þeirra laga.

### **Endurskoðendur sjóðsins**

Endurskoðendur félagsins eru Deloitte hf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.

### **Rekstrarfélag**

Íslandssjóðir hf., kennitala 690694-2719, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, sér um daglegan rekstur Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða skv. 27. gr. laga nr. 161/2002 sbr. B-lið II. kafla laga nr. 30/2003.

### **Útvistuð verkefni**

Á grundvelli 18. gr. laga nr. 30/2003 hefur Íslandssjóðir hf. gert samkomulag við Íslandsbanka hf. um að sjá um hluta af daglegum rekstri, en nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi þætti skv. 17. gr. laganna þ.e. reikningshald, innra eftirlit, lögfræðiþjónustu, markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina, útreikning á innlausnarvirði og mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna, viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

### **Vörslufyrirtæki**

Íslandsbanki hf., kennitala 550500-3530, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík er vörslufyrirtæki Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða sbr. C-lið II. kafla laga nr. 30/2003 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerna sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um.

### **Bakhjarl Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða**

Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík er aðalhluthafinn í Íslandssjóðum hf. sem sér um daglegan rekstur Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða og stendur þannig að rekstri sjóðsins.

# Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10

## Útdráttur úr útboðslýsingu

### MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

**Markmið** sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í Kauphöll á Íslandi, Nasdaq OMX Nordic Exchange, eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum þ.e. afleiðum þar sem undirliggjandi eignir eru hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands. Ávöxtunarviðmið sjóðsins er OMXIGI hlutabréfavisitalan sem reiknuð er út af Kauphöllinni á Íslandi, Nasdaq OMX Nordic Exchange.

**Fjárfestingarstefna:** Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutabréfum skráðum í Kauphöll á Íslandi, Nasdaq OMX Nordic Exchange. Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í traustum fyrirtækjum sem eru talin vera í vexti og eru vanmetin m.v. vöxt hagnaðar og stuðst er við grunngreiningu. Til þess að auka vænta ávöxtun mun deildin fjárfesta í fáum félögum hverju sinni sem hefur jafnframt þau áhrif að áhættudreifing verður minni. Sjóðnum er einnig heimilt, skv. 2. tl. 54 gr. laga nr. 30/2003, að fjárfesta í óskráðum innlendum hlutafélögum. Fjárfesting í óskráðum félögum skal þó að hámarki nema 30% af heildareignumenda sé það yfirlýst stefna fyrirtækis að sótt verði um skráningu í Kauphöll Íslands. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2003, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þá er sjóðnum heimilt að binda allt að 50% eigna sinna í innlánum fjármálafyrirtækja sé það mat sjóðsstjóra að markaðsaðstæður séu tímabundið óhagstæðar til fjárfestinga í hlutabréfum. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 40. gr laga nr. 30/2003 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum vegna stöðutöku, en að hámarki 10% af heildareignum.

**Fjárfestingartakmarkanir:** Sjóðnum er heimilt að fjárfesta samkvæmt 2.tl. 54 gr. laga nr. 30/2003 í óskráðum innlendum hlutafélögum, en þó að hámarki 30% eins og kveðið er á um í framangreindri fjárfestingarstefnu. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í samræmi við 3. tl. 54. gr. og F lið II. kafla laga nr. 30/2003. Deildinni er því óheimilt að taka lán til að fjárfesta í hlutabréfum og skortselja fjármálagerninga.

### Eignir í samburði við fjárfestingarstefnu

| Verðbréfaflokkur          | Eign, %* | Viðmið, % | Lágm., % | Hám., % |
|---------------------------|----------|-----------|----------|---------|
| Skráð hlutabréf           | 72       | 100       | 40       | 100     |
| Óskráð hlutabréf          | 0        | 0         | 0        | 30      |
| Innlán fjármálafyrirtækja | 23       | 0         | 0        | 50      |
| Afleiður vegna stöðutöku  | 0        | 0         | 0        | 10      |
| Laust fé                  | 5        |           |          |         |

\*1. janúar 2011

### Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

### Áhættustig sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfmarkaði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

### Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- Markaðsáhætta
- Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta
- Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla hlutafélaga á markaði
- Ytri aðstæður
- Uppgjörsáhætta
- Vörsluáhætta

### Almennir áhættuþættir:

Skortur á vissu um ytri aðstæður s.s. skattareglur, vaxtabreytingar, hagvöxtur o.fl

Fjárfestum er bent á að nánari útskýringar á einstökum áhættuþáttum er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

### Fjárfesting í afleiðum


Sjóðnum er heimilt að kaupa eða selja framvirkt hlutabréf með afleiðum eða afleiður á Úrvalsvisitöluna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins vegna innstreymis eða útstreymis eða vegna markaðsaðstæðna. Fjárfestum er bent á nánari útskýringar beitingu afleiðna er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

### Fyrri árangur sjóðsins

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun hlutabréfaverðs. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

| * Nafnávöxtun á ársgrundvelli,%, síðastliðin              | 1 ár | 2 ár | 3 ár  | 4 ár  | 5 ár  |
|---|------|------|-------|-------|-------|
| Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10<br>*1. janúar 2011 | 21,1 | 9,4  | -49,2 | -39,5 | -30,7 |
| * Raunávöxtun á ársgrundvelli,%, síðastliðin              | 1 ár | 2 ár | 3 ár  | 4 ár  | 5 ár  |
| Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10<br>*1. janúar 2011 | 18,1 | 3,7  | -53,4 | -44,1 | -35,9 |

### Ávöxtun Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10



Hafa skal hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Nánari umfjöllun um fyrri ávöxtun er að finna í útboðslýsingu Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða.

### Meðferð áskriftar- og innlausnargjalda við birtingu árangurs

Athygli er vakin á því að áskriftar- og innlausnargjöld eru ekki innifalin í útreikningi á árangri sjóðsins.

### Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og þola frekar miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar.

### FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

#### Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

#### Þóknarir og annar kostnaður

Þóknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini fer eftir verðskrá Verðbréfaþjónustu Íslandsbanka hverju sinni og er mismunandi milli sjóða og flokka hlutdeildar-skírteina. Í sjóðsdeildinni Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 eru almenn kjör og hins vegar sérkjör, sjá töflu 1. Sérkjör eru í boði fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða, en almenn kjör eru fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Fjárfestar sem fá sérkjör þurfa einnig að greiða sérstakt innlausnargjald (veltupóknun), sem dregst frá innlausnarfjárhæð. Verðskrá Verðbréfaþjónustu Íslandsbanka kveður einnig á um að greiða skuli afgreiðslugjald vegna allra viðskipta með hlutdeildarskírteini sem er nú kr. 300,-.

#### Tafla 1:

Upphafsgjald/Innlausnargjald.

| Upphafsgjald: | Upphafsgjald: | Innlausnargjald: |
|---------------|---------------|------------------|
| Almenn kjör   | Sérkjör       | Sérkjör          |
| Flokkur A     | Flokkur B     | Flokkur B        |

|  |      |       |       |
|--|------|-------|-------|
| Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 | 2,0% | 0,25% | 0,45% |
|--|------|-------|-------|

Fyrir rekstur Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða greiðir sjóðsdeildin Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundradshluti af eignum, en eru mismunandi eftir flokkum. Í rekstri sjóðsdeildar felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu og umsýsla, þ.e. bókhald, útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur

hlutdeildarskírteina, reikningshald, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsdeilda, sjá töflu 2.

| <b>Tafla 2:</b>                        | Almenn kjör | Sérkjör   |
|--|-------------|-----------|
| Umsjónarlaun sjóðsdeilda               | Flokkur A   | Flokkur B |
| Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 | 1,7%        | 0,85%     |

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafð sjóðsdeild um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögræðikostnaðar, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl.

Þóknun til vörslufyrirtækis er 0,0225% á ári af verðbréfaeign sjóðsdeilda og er reiknuð daglega inn í gengi þeirra. Ekki er tekin vörsluþóknun af innlánnum eða lausu fé sjóðsdeilda.

#### **Heildarkostnaðarhlutfall**

Heildarkostnaðarhlutfall (HKH) fjárfestingarsjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Heildarrekstrarkostnaður samanstendur af vaxtagjöldum, umsýslulaunum og öðrum rekstrarkostnaði að frádregnum fjármagnskostnaði, innheimtukostnaði og viðskiptakostnaði. Heildarkostnaðarhlutfall Úrvals innlendra hlutabréfa – Sjóðs 10 er: 1,65%.

Útreikningsaðferð HKH er staðfest af endurskoðanda sjóðs.

#### **Veltuhlutfall**

Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað, og er það reiknað á eftirfarandi staðlaðan hátt:

$$\text{Veltuhlutfall} = \frac{(\text{Samtala 1} - \text{Samtala 2})/M}{M} \cdot 100$$

$$\text{Veltuhlutfall} = -2,18$$

#### **VIÐSKIPTAUPPLÝSINGAR**

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka Eignastýringu á Kirkjusandi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga og eiga sér stað samdægurs. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir á vef Íslandsbanka [www.islandsbanki.is/fjarfestingar](http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Við kaup á hlutum í sjóðsdeild Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað (T+1), sama á við þegar selt er í sjóðsdeild þ.e. (T+1).

Sjóðsdeildin Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10 skiptist í tvo flokka eininga, A og B, sem auðkenndir eru sérstaklega í bókhaldi sjóðsdeildanna. Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða, en flokkur A er fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Enginn Kostnaður fylgir slíkri tilfærslu.

Sjóður 10 er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól.

Innlausnarvirði og sölugengi birtast á vef Íslandssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) og á vef Íslandsbanka, [www.islandsbanki.is/fjarfestingar](http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar).

#### **ÝMSAR UPPLÝSINGAR**

Sjóðurinn var stofnaður árið 1998.

Heildareignir 1. janúar 2011 námu 612 m.kr.

#### **VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR**

Útboðslýsingin, útdrættir úr útboðslýsingu, ársreikningar og árshlutareikningar liggja frammi á skrifstofu Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík. Hægt er að nálgast þessi skjöl, án endurgjalds, fyrir og eftir samningsgerð, sé þess óskað.

Lögbært yfirvald sjóðsins er Fjármálaeftirlitið (FME), Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík.

Sé frekari skýringar þörf skal hafa samband við Mogens G. Mogensen, hjá Íslandssjóðum hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Útboðslýsing vegna Fjárfestingarsjóða Íslandssjóða, þ.á.m. Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóðs 10, var gefin út 13. desember 2010.